

Bekkur: 8. bekkur

Námsgrein: íslenska

Kennarar: Bjarney Bjarnadóttir, Dagmar Mýrdal Harðardóttir og Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir

Tímafjöldi: 4 klst.



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Ýmis málfræðihefti og bækur.

Kvikmyndir

Vinnubækur og verkefnabækur

Ýmsar bókmenntir

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Lestur og bókmenntir	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none">þjálfist í notkun orðabóka og annarra uppflöttirita, þekki mun á óhefðbundnum og hefðbundnum ljóðum og þekki hugtökin rím, ljóðstafir og myndmál.þjálfist að greina og skilja aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggva sig á tengslum efnisatriða.geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margskonar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða og hugtaka.þjálfist í að vinna úr tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlki þær.auki orðaforða sinn og lesskilning og efli málsskilning með margvíslegum lestrarverkefnum í skóla og á heimili.lesi tvær til þrjár skáldsögur og geri grein fyrir efni þeirra skriflega eða munnlega.þjálfist í notkun nokkurra grunnhugtaka í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannist við myndmál og algengustu tákn og stílbrögð.sýni frumkvæði, sjálfstæði og frumleika í vinnubrögðum.lesi og ræði um ýmsa lausamálstexta svo sem smásögur, þjóðsögur, goðsögur, ævintýri og valda texta úr Íslendingasögum eða þáttum.geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af öryggi.þjálfist í að leita og afla sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og leggja mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis.þjálfist í að lesa almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, geti lagt mat á þá og túlkað.	<ul style="list-style-type: none">Heimalestur, tímalestur, samlestur, umræður og hópavinna.Innlögn á bókmenntahugtökum, lestur og verkefnavinna.	<ul style="list-style-type: none">VerkmappaPróf, skrifleg verkefni, ritgerð úr valbók
Ritun	<ul style="list-style-type: none">þekki helstu stafsetningarreglur og hafi náð nokkurri færni í greinamerkjasetningu.geti skrifað sögur og ljóð og notað myndmál, málshætti og orðtök þar sem við á.	Ritunarverkefni unnin	<ul style="list-style-type: none">Verkmappa

	<ul style="list-style-type: none"> • velji og skrifi mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og beiti mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi. • þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta. • þjálfist í að skrifa skýrt og greinilega og beita ritvinnslu af öryggi, auk notkunar orðabóka og annarra hjálpargagna, geti gengið frá texta, þjálfist í að vísa til heimilda og skrá þær. • geti skipt texta í efnisgreinar, málsgreinar og setningar af öryggi. • tjái hugmyndir sínar og skoðanir og færi rök fyrir þeim í rituðu máli semji texta frá eigin brjósti og þjálfist í að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur læra um heimildir og heimildanotkun. • Innlögn á málsháttum og orðtökum og nemendur vinna með þau. • Nemendur skrifa rökfærslurítgerð. • Nemendum kennt að nota uppfléttirit með sýnikennslu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Ritunarverkefni og kannanir í stafsetningu
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • átti sig á flokkun í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og átti sig á því í hverju sú flokkun felst. • geti fundið nafnhátt og boðhátt. • geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt. • þekki beygingaratriði fallorða t.d. kyn, tala, fall, o.s.frv. • geti fundið stofn orða. • þekki sterka og veika beygingu fallorða • geti fundið nútíð og þátíð sagnorða. • kynnist einkennum óbeygjanlegra orða. 	<p>Innlögn á málfræðiatríðum og verkefni unnin.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Lestur, umræður og verkefni er varðar mismunandi orðaforða. • Lestur og umræða um tilurð tungumálsins. 	<ul style="list-style-type: none"> • Minnispróf úr málfræðiatríðum • Málfræðikannanir • Verkmappa
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> • læri að hlusta af virðingu á aðra, hvort sem um upplestur eða samræður er að ræða. • öðlist sjálföryggi í framsögn og framkomu með margvíslegum verkefnum við hæfi. • tileinki sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða. • þjálfist í aðferðum til að taka þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjái skoðanir sínar með ýmsum hætti, og rökstyðji þær. • þjálfist í framsögn og upplestri með aðstoð upptökutækja (snjalltækja). • nýti sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp kvikmyndir og rafrænt efni, og þjálfist í að taka afstöðu til þess sem þar er birt. 	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur flytja fjölbreytta texta í pontu. • Hópavinna þar sem nemendur ræða og vinna verkefni um efnið sem þeir hafa lesið, horft eða hlustað á. • Skrifleg verkefni þar sem nemendur þurfa að gera grein fyrir skoðunum á ákveðnu efni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Framsögn • Hlustun
Lykilhæfni – tjáning og miðlun	<ul style="list-style-type: none"> • geti tjáð hugsanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt. • geti notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni. 		

	<ul style="list-style-type: none"> • geti nýtt fjölbreyttar aðferðir við að miðla þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á skipulegan og skýran hátt sem við á hverju sinni. 		
Lykilhæfni – sjálfstæði og samvinna	<ul style="list-style-type: none"> • geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum. • geti tekið leiðsögn og gagnrýni á uppbyggilegan hátt og að sama skapi sett eigin gagnrýni uppbyggilega fram. • geti unnið með öðrum og tekið á jákvæðan hátt þátt í samskiptum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla. • geti verið leiðandi í samstarfi og borið ábyrgð í útfærslu leiða að sameiginlegum markmiðum. 		
Lykilhæfni - nýting miðla og upplýsinga	<ul style="list-style-type: none"> • geti nýtt fjölbreytta miðla og hjálpartæki á ábyrgan hátt við að leita upplýsinga og til stuðnings í námi sínu. • geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og heimilda. 		
Lykilhæfni - ábyrgð og mat á eigin vinnu	<ul style="list-style-type: none"> • geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist. • geti skipulagt og borið ábyrgð á eigin námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár, skipulagt og endurskoðað með tilliti til mats á árangri. 		